

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps Vestur-Skaftafellssýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi viðauka III geta við innflutning notið friðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala, enda hafi áletrunin „EFTA-SPAIN-TRADE“ verið prentuð með útlinum upphafsstafa á ská yfir skjalið:

- a) EUR. 1 flutningsskirteinis, hér eftir kallað EUR. 1 skirteini,
- b) EUR. 2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hverrar sendingar ekki yfir 2400 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi viðauka III notið friðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

- a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 165 reikningseiningar,
- b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 480 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn efi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur húi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings, sem keyptur er samkvæmt þöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir 0.88867088 g af hreinu gulli. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 27. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að óðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið 15. júlí 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

7. júlí 1980.

Nr. 385.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á greiðsluframlagi fyrir frystar þorskblokkir framleiddar á tímabilinu frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest, að greitt verði úr sjóðnum álag á þorskblokk, nema marningsblokk, er nemi kr. 20.00 á hvert lb. á tímabilinu 1. júní til 30. september 1980, en þó ekki lengur en þau framleiðslufyrirmæli verða í gildi um framleiðslu þorskblokkar, sem sölusamtökin hafa gefið meðlimum sínum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristin Magnússon.

16. júlí 1980.

Nr. 386.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. júní til 30. september 1980:

Þorskur:	U. S. \$ pr. lest fob.
Saga IG	7 803
Saga IM	7 441
Saga IP	7 019
Edda og Luna 30/50	5 873
Edda og Luna 50/60	6 789
Edda og Luna 60/up	6 973
Astra (Ítalía)	5 763
Astra og Polar	5 200